

Áfangalýsing

Áfanginn er fjarnámsáfangi. Í áfanganum er áfram unnið með undirstöðuþætti efnafraðinnar, reynsluformúlur, afgang, ofgnótt og nýtni í efnahvörfum. Að auki er fjallað um orkubreytingar við efnahvörf, gaslögmálið, hraða og jafnvægi í efnahvörfum og leysnijafnvægi.

Viðmið áfangans

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á

- reynsluformúlum
- takmarkandi þætti, ofgnótt, afgangi og nýtni í efnahvörfum
- helstu efnagreiningaaðferðum
- hugmyndum um kjörgas
- gaslögmálinu og hagnýtingu þess í efnafræði og skyldum greinum
- hraðahugtakinu í efnafræði
- virkjunarorku
- jafnvægishugtakinu
- leysnijafnvægi og áhrif sameiginlegra jóna.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að

- beita mól-, rúmmáls-, massa-, og hlutfallareikningi í tengslum við efnahvörf
- greina ópekkt efnismagn, t.d. með titrun eða söfnun gass
- beita einfaldri efnagreiningu
- reikna út hvarfhraða og orkubreytingu við efnahvörf
- leita upplýsinga um efnafræðilega eiginleika
- teikna orkulínurit fyrir efnahvörf
- setja upp og framkvæma verklegar æfingar og vinna markvisst úr niðurstöðum
- meta áhrif breytinga á jafnvægisstöðu í efnahvörfum
- reikna styrk eða hlutþrýsting efna við jafnvægi útfrá gefnum forsendum
- reikna jafnvægisfasta útfrá gefnum forsendum
- reikna leysnimargfeldi og leysni efna útfrá gefnum forsendum

Nemandi skal geta hagnýtt pá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- leggja rökstutt mat á gang efnaþarfa og áhrif utanaðkomandi þáttu t.d. á hvarfhraða og jafnvægisstöðu
- vinna sjálfstætt að úrlausn efnafræðilegra viðfangsefna, bæði verklega og skriflega
- koma niðurstöðum rannsókna á framfæri með skilmerkilegum hætti bæði í ræðu og riti
- notfæra sér efnafræðina í öðrum raungreinum og hinu daglega lífi.

Efnisatriði

Reynsluformúlur, brunamælar, takmarkandi efni, ofgnótt, afgangur, fræðileg og raunveruleg nýtni, titrun, gaslögmálið, kjörgas, algildishitastig, þrýstingur, hlutþrýstingur, mettunarþrýstingur vatns, oxunar-/afoxunarhvörf, fellingarhvörf, sýru-/basahvörf, varmi í efnahvörfum, lögmál Hess og myndunarvarmi, hraði efnaþarfa,

hraðajöfnur, hraðafasti, hvarfgangur, hvatar, árekstrakenningin, jafna Arrheníusar, jafnvægi í efnahvörfum, jafnvægisfasti, jafnvægislíkingin, jafnvægisstaða, regla Le Chateliers, ójafnvægi, hvarfkvóti, leysnimargfeldi og áhrif sameiginlegra jóna.

Námsefni

- **Chemistry, the Central Science**, 10., 11. eða 12. útgáfa..
- **Tilraunalýsingar, skyggur og ljósrit** frá kennara

Námsmat

| | |
|-----------------------|-----|
| Skýrslur | 15% |
| Verkefni | 10% |
| Stöðupróf(æfingapróf) | 10% |
| Lokapróf | 65% |

3-4 verklegar æfingar verða framkvæmdar á önninni. Skýrslum skal skilað **innan viku** frá tilraun, annað hefur áhrif á einkunn. Skýrslur eiga að vera tölvuunnar.

Stöðupróf verða tvö á önninni.

Áætlun um yfirferð

| Vika | Dagsetn. | Yfirferð miðað við kaflanúmer í 12. útg. | Verkefni |
|-------|-------------|---|-------------|
| 34 | 21.08-27.08 | Reynsluformúlur, (3.5) | |
| 35 | 28.08-03.09 | Efnahvörf og hlutföll, takmarkandi efni (3.6) | |
| 36 | 04.09-10.09 | efnahvörf og hlutföll takmarkandi efni (3.7) | |
| 37 | 11.09-17.09 | nýtni, titrun (3.7 og 4.6) | |
| 38-39 | 18.09-01.10 | Varmi, efnahvörf og orka, 5.1 – 8 | |
| 40-41 | 02.10-15.10 | Gas og gasjafnan, 10.1 – 10.7 | Stöðupróf 1 |
| 42-43 | 16.10-29.10 | Hraði í efnahvörfum, 14.1 – 3; 14.7 | |
| 44-47 | 30.10-26.11 | Jafnvægi í efnahvörfum, 15.1 – 7 | Stöðupróf 2 |
| 48-49 | 27.11-07.12 | Leysnijafnvægi 17.4 og upprifjun | |
| | | | |

Með fyrirvara um breytingar

Kennari: Jón Grétar Hafsteinsson, jonhaf@gmail.com